



NPA MIÐSTÖÐIN
Urðarhvarf 8
203 Kópavogur
+354 5678270

*Berist til:
Nefndasvið Alþingis
Veiferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík*

Kópavogur, 29. nóvember 2022

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, mál nr. 49, 153. löggjafarþing 2022-2023.

Áherslur:

NPA miðstöðin styður tillöguna en leggur áherslu á mikilvægi þess að rétt þýðing bókunarinnar verði notuð auk þess sem samráð verði haft við hagsmunafélög fatlaðs fólks og fræðasamfélagið við lögfestingu og innleiðingu bókunarinnar.

Greinargerð:

NPA miðstöðin er samvinnufélag fatlaðs fólks sem er með notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Félagið hefur meðal annars það hlutverk að stuðla að innleiðingu NPA á Íslandi og framgangi hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf, samkvæmt 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. NPA miðstöðin styður eindregið lögfestingu á samningnum og valfrjálsrar bókunar við samninginn.

Líkt og fram kemur í tillögunni gerir valfrjálsa bókunin fötluðu fólki kleift að sækja réttindi sín vegna brota á samningnum með málskoti til sérstakrar nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Slíkt myndi tryggja bæði rétta túlkun og rétta framkvæmd samningsins hér á landi, auka réttaröryggi og vernd fatlaðs fólks og veita stjórnvöldum á Íslandi nauðsynlegt aðhald við innleiðingu þessa mikilvæga samnings hér á landi.

Undirbúningur að lögfestingu samningsins hér á landi hefur staðið yfir um allanzt skeið. Meðal þess sem tekist hefur verið á um er rétt þýðing á samningnum. Alþingi samþykkti tillögu til þingsályktunar um nýja þýðingu á samningnum þann 11. maí 2021. Sú þýðing kemur í stað eldri þýðingar eftir fjölmargar athugasemdir frá fræðasamfélaginu og hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Afar brýnt er að valkvæða bókunin fái sömu yfirferð frá fræðasamfélaginu og hagsmunasamtökum, þ.e. að þýðingin verði borin undir þessa aðila til að tryggja að upprunalegi texti samningsins haldi merkingu sinni og til

að fyrirbyggja rangtúlkunir, misskilning eða ranga aðlögun á textanum. NPA miðstöðin setur því fyrirvara við stuðning sinn á tillögunni að samstaða sé um rétta þýðingu á henni.

NPA miðstöðin hvetur nú sem fyrr eindregið til þess að samningurinn verði lögfestur og valfrjálsa bókunin einnig. Í anda samningsins og í samræmi við VIII. kafla laga nr. 38/2018 minnir NPA miðstöðin á mikilvægi þess að hafa fatlað fólk með í ráðum þegar rætt er um hagsmuni þeirra eða ákvarðanir eru teknar sem gætu haft þýðingu fyrir þennan hóp.

Virðingarfyllst,
Fh. NPA miðstöðvarinnar,



Hjörtur Örn Eysteinnsson
Framkvæmdastjóri

Rúnar B.H. Þorkelsson

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson
Formaður